

Minnisblað

Dreifing

Stýrihópur ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group um mat á flugvallarkostum utan Vatnsmýrar

23. mars 2015

Tílefni

Athugun á flugvallarkostum

Umferðarspá

15174

Höfundur

GMH

Yfirfarið/Sampykkt

SJ

Efni

Stýrihópur um athugun flugvallarkosta utan Vatnsmýrar leitaði til VSÓ Ráðgjafar um gerð umferðarspár í tengslum við frumathugun á hagrænum áhrifum flugvallarkosta.

Um er að ræða tvö spátílfelli sem byggja á umferðarspá sem unnin var í tengslum við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

- **Tílfelli 1** – Sama og spátílfelli 3 í umferðarspá Svæðisskipulags 2015-2040, þ.e. allar framkvæmdir skv. gildandi svæðisskipulagi og óbreyttar ferðavenjur. Hér er ekki gert ráð fyrir flugvelli í Vatnsmýri heldur er þar skipulögð byggð.
- **Tílfelli 2** – Einsog tílfelli 1 hér að ofan að öðru leyti en hér er gert ráð fyrir að flugvöllur verði áfram í Vatnsmýri. Því eru 4.900 íbúðir sem gert er ráð fyrir í Vatnsmýri í tílfelli 1 færðar í Úlfarsárdal. Sömuleiðis eru 195 þús. m² atvinnuhúsnæðis færðir úr Vatnsmýri, bæði austur í Úlfarsárdal (65 þús. m²) og einnig á fyrirhugaðan samgöngu- og þróunarás eftir Suðurlandsbraut og Ártúnshöfða að Keldum (130 þús m².)

Niðurstöður

Í töflu 1 eru settar fram heildarniðurstöður beggja tílfella auk grunnárs 2012 til samanburðar. Þegar talað er um heildarakstur er átt við ekna kílómetra á sólarhring og með heildaraksturstíma er átt við samanlagðan aksturstíma (ferðatíma) allra ferða í klukkustundum. Líkt og sjá má er heildaraksturstími á höfuðborgarsvæðinu 2.683 klst lengri (tæplega 112 sólarhringar) í tílfelli 2 þar sem gert er ráð fyrir flugvelli í Vatnsmýri og fullri uppbyggingu í austurjaðri borgarinnar. Sömuleiðis er heildarakstur 95.328 km meiri í tílfelli 2. Þannig er meðalferðatími 0,12 mín (7 sek) lengri, og meðallengd ferða 0,07 km lengri.

Tafla 1: Heildartölur úr niðurstöðum beggja spátílfella auk grunnárs 2012 til samanburðar.


	Heildaraksturstími [klst]	Heildarakstur [km]	Meðalferðatími [mín]	Meðallengd ferða [km]
Grunnár 2012	82.741	4.235.182	5,82	4,97
Spátílfelli 1	134.658	6.479.960	6,99	5,60
Spátílfelli 2	137.341	6.575.288	7,11	5,67

Til að leggja gróft mat á umferðarálag gatnakerfisins má bera saman reiknaðan ferðatíma við það sem kalla má „frjálsan“ ferðatíma. Frjáls ferðatími er akstur í frjálsu flæði þar sem ekið er sem næst hámarkshraða (e. free-flow speed) og umferðartafa gætir ekki. Aukning í ferðatíma umfram hinn frjálsa ferðatíma orsakast af álagi á gatnakerfi og umferðartöfum. Í töflu 2 eru settar fram niðurstöður um mat á umferðarálagi fyrir bæði tilfellin auk samanburðar við grunnárið 2012. Líkt og sjá má eru tafir í gatnakerfinu 1.125 klst meiri í tilfelli 2 heldur en tilfelli 1, tölur pr. hverja ferð er 0,06 mín meiri og tölur pr. hvern ekinn kílómetra er 0,01 mín meiri.


Tafla 2: Mat á umferðarálagi – samanburður á reiknuðum heildarferðatíma og „frjálsu“ ferðatíma.

	Aukin ferðatími vegna álags [klst]	Tölur pr. ferð [mín]	Tölur pr. ekinn km [mín]
Grunnár 2012	9.896	0,70	0,14
Spátílfelli 1	17.186	0,89	0,16
Spátílfelli 2	18.311	0,95	0,17

Á myndum 1 og 2 eru kort sem sýna flæði umferðar fyrir bæði tilfelli. Heilt yfir eru tölurnar nokkuð svipaðar, helstu breytingarnar eru á námunda Vatnsmýrar annars vegar og Úlfarsárdals hins vegar. Líkt og sjá má eykst umferð um Úlfarsárdal verulega við aukna uppbyggingu þar (tilfelli 2). Einnig má sjá að umferð um Öskjuhlíðargöng minnkar umtalsvert ef flugvöllur er í Vatnsmýri og uppbygging flyst annað.



Mynd 1 Flæði umferðar m.v. tilfelli 1 þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis í Vatnsmýri.



Mynd 2 Flæði umferðar m.v. tilfelli 2 þar sem gert er ráð fyrir að flugvöllur sé í Vatnsmýri og íbúðir sem þar er gert ráð fyrir í tilfelli 1 flytjast í Úlfarsárdal og atvinnuhúsnæði flyst bæði í Úlfarsárdal og á fyrirhugaðan samgönguás við Suðurlandsbraut og Ártúnshöfða að Keldum.